

# Skólaráð Heiðarskóla

Fundargerð 16. október 2019

Mættir: Arnar Stefánsson, Klemenz Sæmundsson, Kolbrún Saga, Ingunn Rós, Bryndís Jóna, Margrét Eðvaldsd., Ásta Kristín.

Fundarritari: María Óladóttir.

Bryndís Jóna kynnti meðlimi ráðsins

- 1. Starfsáætlun 2019 – 2020** – Meðlimir ráðsins höfðu fengið starfsáætlunina senda til yfirlestrar. Bryndís Jóna fór yfir breytingar sem hafa verið gerðar eftir ábendingar frá meðlimum ráðsins. Einnig fór hún yfir breytingar sem hafa orðið frá síðasta skólaári sem m.a. hafa verið gerðar í samræmi við umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar sem framkvæmt var haustið 2018. Ásta spurði hvort það sé stefna skólans að hafa bekkina óbreytta frá 3. – 10. bekk. Það er venjan en ekki hægt að tala um stefnu í því sambandi. Það skapaðist umræða um bekkjarskiptingar. Starfsáætlunin var samþykkt af meðlimum ráðsins.
- 2. Upphaf skólaársins** – Skólaárið hefur farið vel af stað.
  - a. Bryndís Jóna fór yfir nokkur atriði er varða fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta ár.
- 3. Önnur mál** –
  - a. Ásta Kristín vakti máls á skólareglum, að gera þær sýnilegri og öllum kunnar.
  - b. Kolbrún Saga vakti athygli á því að klefar í íþróttahúsi séu of litlir fyrir þann fjölda nemenda sem þar er hverju sinni.
- 4.** Fleira ekki rætt og fundi slitið.